

Hafnarfjörður, 7.8. 2020
Málsnr. 1706152/GG

Hverfisgata 49, deiliskipulagsbreyting vegna lóðarstækkunar

Á fundi bæjarráðs þann 12.03.2020 samþykkti bæjarráð fyrir sitt leyti lóðarstækkun Hverfisgötu 49 og benti á að vinna þyrfti tillögu að breyttu deiliskipulagi er gerði grein fyrir umræddri lóðarstækkun.

Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 02.06. 2020 að tillaga að breyttu deiliskipulagi, dags. 26.05. 2020, fari til auglýsingar og að málsmeðferð verði í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Erindinu var jafnframt vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn staðfesti ákvörðun skipulags- og byggingarráðs þann 10.06. 2020.

Tillaga að breytingu á deiliskipulaginu Miðbær Hraun vestur, í gildi frá 12.3. 2019, vegna stækkunar lóðar við Hverfisgötu 49 var auglýst frá 25.06. til 06.08. 2020. Athugasemd barst frá ábúendum og eigendum íbúða að Hverfisgötu 47.

Umrædd lóðarstækkun var grenndarkynnt frá 20.12. 2019 til 17.01. 2020 þar sem gerð var grein fyrir henni á mæliblaði. Athugasemdir vegna grenndarkynningar bárust frá 3 aðliggjandi lóðarhöfum, meðal annars frá ábúendum og eigendum íbúða að Hverfisgötu 47. Sjá meðfylgjandi samantekt/umsögn skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar vegna grenndarkynningarinnar, dags. 10.02. 2020.

Í athugasemdum sem nú bárust við auglýsta deiliskipulagstillögu vegna stækkunar lóðarinnar að Hverfisgötu 49 frá ábúendum og eigendum íbúða að Hverfisgötu 47, eru fyrri athugasemdir ítrekaðar. Jafnframt er bent á mun á lóðarhæð, en í athugasemdum segir:

„Ásamt því viljum við benda á að hluti af þessari stækkun er engan vegin í flútti/plani við lóð Hverfisgötu 49 heldur mun nær lóðarhæð á Hverfisgötu 47.“



HAFNARFJÖRÐUR

Svar:

Í deiliskipulagsbreytingunni felast ekki auknar byggingarheimildir. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er heimilt að byggja allt að 30,0 m² hús/bílskúr á núverandi lóð og helst það óbreytt í tillögunni sem lögð er fram. Byggingarreitur og staðsetning hans er jafnframt óbreytt, innan núverandi lóðar. Hæðarmunur innan stækkaðrar lóðar, komi til lóðarstækkunar, hefur engin áhrif þar á.

Að öðru leyti er vísað til samantektar/umsagnar skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar vegna grenndarkynningarinnar, dags. 10.02. 2020.

Skipulagsfulltrúi